



Akureyrarbaer

Akureyri, 5. febrúar 2021
2021011564 / 01-101

Efni: Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum þann 2. febrúar 2021 gert eftirfarandi bókun:

Rætt um nýútkomna skýrslu utanríkisráðuneytisins, Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum, og tækifæri sem í samstarfinu kunna að felast fyrir Akureyrarbæ. Skýrsluna er að finna á eftirfarandi slóð: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/01/21/Samstarf-Graenlands-og-Islands-a-nyjum-Nordurslodum/>

Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að hlutverk bæjarins sem miðstöðvar norðurslóðastarfs verði eft til muna og byggt á þeim góða grunni sem fyrir er. Að mati bæjarstjórnar getur Akureyrarbær í samstarfi við stofnanir á Norðurlandi leikið lykilhlutverk í auknu og víðtækara samstarfi Íslands og Grænlands þjóðunum báðum til heilla. Allir nauðsynlegir innviðir eru til staðar á Norðurlandi og Akureyri er miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi sem gerir svæðið mjög vel í stakk búið til að takast á við krefjandi og metnaðarfull verkefni.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni